

Hlutverk váttryggingafélaga við úrlausn umhverfislegra vandamála

Lára Jóhannsdóttir, lektor í umhverfis- og auðlindafræðum við Háskóla Íslands

Snjólfrur Ólafsson, prófessor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræðum við Háskóla Íslands

Útdráttur

Tilgangur greinarinnar er að fjalla um hlutverk váttryggingafélaga við úrlausn umhverfislegra vandamála. Umhverfisleg vandamál eru mörg hver þess eðlis að þau eru ekki einkamál stjórnvalda eða fyrirtækja í mengandi starfsemi, heldur þurfa allir að leggja sitt af mörkum ef bæta á ástandið, stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar. Uppbygging váttryggingakerfa er mismunandi á milli landa, en vegna stærðar váttryggingageirans og samþættingar við flest alla þætti samfélagsins geta váttryggingafélög verið öflugur liðsmaður þegar kemur að innleiðingu á stefnu stjórnvalda á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Greinin byggir á tilviksrannsókn meðal 16 norrænna váttryggingafélaga á Álandseyjum, Færeyjum, Íslandi, Danmörku, Finnlandi, Noregi og í Svíþjóð, en félögunum var skipt upp í tvo tilvikshópa, Eyjahóp og Meginlandshóp. Munur er á aðgerðum/aðgerðaleyfi í hópunum og því eru flest öll dæmin í greininni frá Meginlandshópnum. Meðal þess sem Meginlandshópurinn leggur áherslu á út frá umhverfissjónarmiðum eru 1) vörur og þjónusta, 2) tjón og forvarnir, 3) fjárfestingar, 4) eigin starfsemi, 5) eftirfylgni og 6) váttryggiendur sem þrýsitafl. Í tilviki Eyjahópsins eru áherslurnar helst á forvarnir og fæcina þætti sem snerta þeirra daglegu starfsemi. Fræðilegt og hagnýtt gildi rannsóknarinnar felst í því



Icelandic Review of Politics and Administration Vol 11, Issue 1 (87–114)

© 2015 Contacts: Lára Jóhannsdóttir, laraj@hi.is, Snjólfrur Ólafsson, snjolfrur@hi.is, Brynhildur Davíðsdóttir, bdavids@hi.is

Article first published online June 23rd 2015 on <http://www.irpa.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík, Iceland

Stjórnmál & stjórnsýsla 1. tbl. 11. árg. 2015 (87–114)

© 2015 Tengiliðir: Lára Jóhannsdóttir, laraj@hi.is, Snjólfrur Ólafsson, snjolfrur@hi.is, Brynhildur Davíðsdóttir, bdavids@hi.is

Vefbirting 23. júní 2015 - Birtist á vefnum <http://www.irpa.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík

DOI:<http://dx.doi.org/10.13177/irpa.a.2015.11.1.6>

This work is licensed under Creative Commons Attribution 3.0 License

að varpa ljósi á hlutverk og stöðu váttryggingafélaga við úrlausn umhverfislegra vandamála.

Efnisorð: Váttryggingafélög; umhverfisleg vandamál; stjórnvöld; hlutverk; aðgerðir

Role of insurance companies in dealing with environmental issues

Abstract

The purpose of this paper is to discuss the role of insurance companies in solving environmental issues. Environmental issues we now face are many of such magnitude and severity that it is not just up to governments or heavy polluting companies to deal with them, everyone needs to contribute including authorities, institutions, corporations and individuals. Insurance systems differ between countries, but due to the size of the insurance sector and integration with almost every aspect of society, insurers can be a powerful ally when it comes to implementing environment and climate policies of authorities. The article is based on a Ph.D. research of one of the authors which conducted a multi-case study of 16 Nordic insurance companies in the Åland Islands, Faroe Islands, Iceland, Denmark, Finland, Norway, and Sweden. The companies are divided into two case groups; the Islands group and the Mainland group. Differences in actions/inactions were evident between the case groups, meaning that most of the examples used are from the Mainland group. The environmental and climate change focus areas of the Mainland group are 1) products and services, 2) loss prevention and claim settlement, 3) investments, 4) companies own operation, 5) follow-up, and 6) insurers as a driving force of actions. In case of the Islands companies they mainly focus on loss prevention and few factors that affect their daily activities. Theoretical and practical contribution of the study is to highlight the role and contribution of insurance companies in dealing with environmental issues.

Keywords: Insurance companies; environmental issues; government; role; action

Inngangur

Umhverfisleg vandamál eru mörg hver þess eðlis að eigi árangur að nást þurfa allir að leggja sitt af mörkum, stjórnvöld, fyrirtæki og einstaklingar. Hér má t.d. nefna loftslagsbreytingar, auðlindaþurrð, mengunar- og úrgangsmál. Í lokuðu kerfi sem jörðin er, leiðir vaxandi mannfjöldi, aukin neysla og umsvif atvinnulífsins til aukins álags á náttúrulegt umhverfi, en náttúran og samfélag eru samofin þar sem náttúran leggur grunn að velsæld jarðarbúa og efnahagslegri þróun. Umhverfismál eru meðal meginafla (e. megatrends) sem munu í náninni framtíð hafa mótandi áhrif á löggjöf, rekstrarumhverfi fyrirtækja og kröfur frá neytendum (OECD 2012; Yoder, Rao og Bajowala 2012)

Á undanföllum áratugum hefur umhverfisyggja (e. environmentalism) eflst víða um heim, en hún er skilgreind sem áhyggjur af umhverfinu og verndun þess (European Environment Information and Observation Network 2012; Hoffman 2000). Tímabil umhverfisyggju hafa verið nefnd iðnaðarumhverfisyggja (1960-1970), reglugerðarumhverfisyggja (1971-1981), umhverfisyggja samfélagsábyrgðar (1982-1988), stefnu-mörkunarumhverfisyggja (1989-1999) (Hoffman 2000) og samþættingarumhverfisyggja (frá 2000) (Lára Jóhannsdóttir 2012). Hvert þessara tímabila útskýrir aukinn þrýsting á fyrirtæki um að axla ábyrgð á vandamálum sem þau skapa með starfsemi sinni.

Umhverfisyggja fyrirtækja (e. corporate environmentalism) felur í sér að til staðar er skilningur innan veggja fyrirtækjanna á mikilvægi þess að taka mið af náttúrulegu umhverfi við stefnumörkun og starfsemi fyrirtækja (Banerjee 2002). Framan af þvingaði utanaðkomandi þrýstingur, t.d. löggjöf eða þrýstingur frá hagsmunadílum, fyrirtæki til aðgerða á sviði umhverfismála (Hoffman 2000), en á síðari stigum umhverfisyggju urðu aðgerðir fyrirtækja sjálfspottnar vegna þess að stjórnendur koma auga á fjárhagsleg tækifæri tengd umhverfismálum og/eða að siðferðileg sjónarmið ráða ferð (Bansal og Roth 2000; Tutore 2010).

Umhverfisyggja var upphaflega skilgreind út frá fyrirtækjum í mengandi starfsemi svo og fjölþjóðlegum fyrirtækjum (Hoffman 2000). Á síðari árum hafa sjónir beinst að hlutverki og ábyrgð fjármálafyrirtækja (Ahvenharju o.fl. 2011; Sievänen, Rita og Scholtens 2013) og litlum og meðalstórum fyrirtækjum (Hillary 2004). Forsætisráðherrar Norðurlandanna hafa lagt þær línur að viðskipta- og orkumálaráðherrar landanna leiti leiða til að styðja við nýsköpun umhverfsvænna fyrirtækja og að stuðlað sé að fjárfestingum á þessu sviði (Norden, e.d.-b). Undir þessum formerkjum geta fjármálafyrirtæki, þ.m.t. váttryggingafélög orðið öflugur bandamaður. Sem fagfjárfestar geta þau aukið þrýsting á siðferðilegar fjárfestingar, annað hvort í gegnum virkt eignarhald (e. active ownership) eða með skimun (e. screening) fjárfestingatækifæra (KPMG Global Sustainability Services og United Nations Environment Programme 2006). Váttryggingafélög eru sjálf undir þrýstingi frá hluthöfum og eigendum að standa sig vel á sviði umhverfismála, því annars leita þeir á önnur mið (Wallace 2010).

Eftirfylgni varðandi aðgerðir fyrirtækja á sviði umhverfis- og samfélagsmála kemur frá opinberum aðilum. Frá árinu 2009 eru 1.100 stærstu fyrirtækin í Danmörku, þar með talin skráð fyrirtæki, opinber fyrirtæki og fagfjárfestar, krafin um upplýsingar um samfélagsábyrgð í ársskýrslum sínum í samræmi við kröfur Global Reporting Initiative (GRI) staðalsins¹ (CO2focus 2009). Þá hefur tilskipum (2014/95/EU) tekið gildi en henni er ætlað að auka gagnsæi í birtingu ófjárhagslegra upplýsinga er lúta að samfélagi, umhverfi og starfsfólki. Tilskipunin nær til fyrirtækja og stofnana með 500 starfsmenn eða fleiri. Hún tekur því til stærri váttryggingafélaga og tengist áherslum norrænna váttryggingafélaga um eftirfylgni sem rétt er um í kafla 3.5, því möguleiki á eftirfylgni byggir á skýrslu- og upplýsingagjöf váttryggingafélaga hvað samfélags- og umhverfisábyrgð varðar.

Byggt á framansögðu má ætla að umhverfismál geti með beinum eða óbeinum hætti haft áhrif á rekstur váttryggingafélaga. Í greininni er horft til þess meginhlutverks vá-

tryggingafélaga að (1) veita váttryggingaþjónustu í formi váttrygginga og ráðgjafar til einstaklinga og fyrirtækja, (2) sinna greiðslu tjónabóta, t.d. vegna umhverfistjóna og forvarnarstarfi og (3) ávaxta bótasjóði með fjárfestingum. Iðgjöld sem váttryggingafélög taka við og nota á til greiðslu ófyrirséðra tjóna í framtíðinni teljast til bótasjóða, en fjármunirnir eru ávaxtaðir með kaupum á verðbréfum fyrirtækja og stofnana. Þessir þættir falla allir undir það sem kalla má kjarnastarfsemi skaðatryggingafélaga. Leiðandi norræn váttryggingafélög hafa valið að samþætta umhverfislegar áherslur við kjarnastarfsemina á heildstæðan hátt inn í vörur og þjónustu, tjón og forvarnir og fjárfestingar. Forsenda samþættingar umhverfismála við kjarnastarfsemi er sú að stefnur hafi verið markaðar t.d. umhverfisstefnur, loftslagsstefnur, stefnur um samfélagsábyrgð eða ábyrgðar fjárfestingar og/eða innkaupastefnur (Lára Jóhannsdóttir 2012).

Umhverfisleg vandamál, til að mynda veðurfarstjón vegna loftslagsbreytinga, eru talin fela í sér rekstraráhættu fyrir váttryggingafélög þar sem slík vandamál geta haft áhrif á váttryggingaflokkna svo sem eignatryggingar einstaklinga og fyrirtækja, líf- og heilsutryggingar og ábyrgðartryggingar (Mills 2009-a), en þær tryggja t.d. fyrirtæki gegn skaðabótakröfum vegna tjóna af völdum starfsemi viðkomandi fyrirtækja og/eða starfsmanna þeirra. Hvað ábyrgðartjón varðar þá hefur löggjöf um umhverfisábyrgð fyrirtækja þýðingu fyrir starfsemi váttryggingafélaga, en komið verður nánar inn á löggjöfina síðar í greininni. Rekstraráhætta váttryggingafélaga vegna umhverfistengdra tjóna er ýmiskonar, t.d. fjárhags-, samkeppnis-, lagaleg- og orðsporsáhætta (Mills 2009-a).

Í ljósi þess sem fram hefur komið hér að framan þá er tilgangurinn með grein þessari að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvert er hlutverk váttryggingafélaga við úrlausn umhverfislegra vandamála sem geta haft áhrif á rekstur þeirra með beinum eða óbeinum hætti?

Greinin er þannig byggð upp að fyrst er fjallað um umhverfisleg vandamál út frá sjónarhorni váttryggingafélaga og samspil stjórnvalda, váttryggingafélaga og umhverfismála. Síðan er fjallað um aðferðafræði rannsóknarinnar, þá niðurstöður sem felast í því að tengja aðgerðir váttryggingafélaga á sviði umhverfis- og loftslagsmála við meginstarfsemi þeirra. Í umræðukaflanum eru niðurstöður settar í stærra samhengi.

1. Umhverfisleg vandamál og váttryggingafélög

Umhverfisleg vandamál af tvennum toga geta haft umtalsverð áhrif á rekstur váttryggingafélaga, annars vegar ógn sem stafar frá umhverfinu og hefur áhrif á reksturinn og hins vegar skaðar sem einstaklingar eða fyrirtæki valda umhverfinu og váttryggingafélög bera ábyrgð á í gegnum váttryggingavernd sem þau bjóða (Ahvenharju, Gilbert, Illman, Lunabba og Vehviläinen 2011). Fyrirnefnda þáttinn má einnig nefna náttúrutengd tjón (e. natural hazards) (Schwarze o.fl. 2011), en á Norðurlöndum eru borgarflóð talin helsti áhættuþátturinn (Danish Insurance Association, Finance Norway, Federation of Finnish Financial Services og Insurance Sweden 2013). Hér á landi deilist ábyrgð á náttúrutengdum tjónum milli Viðlagatryggingar Íslands og einkarekinna váttryggingafélaga. Viðlaga-

trygging bætir bein tjón á eignum „af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða“ (Viðlagatrygging e.d.), en einkareknu váttryggingafélögin bæta tjón af völdum storma, snjópunga, skýfalls og asahláku (Sjóvá e.d.-a;-b). Þessu til viðbótar eru váttryggingafélög umfangsmiklir kaupendur af vörum og þjónustu, vegna eigin rekstrar en ekki hvað síst vegna tjónaviðgerða. Því skipta umhverfisleg vandamál sem tengjast þverrandi náttúruauðlindum váttryggingafélög máli sem og endurnýting og meðhöndlun úrgangs og spilliefna.

Afleiðingar loftslagsbreytinga eru farnar að valda váttryggingafélögum búsifjum (Mills 2005; Vellinga o.fl. 2001). Í því samhengi má nefna tjón af völdum fellibyljanna Katrinu (2005) og Sandy (2012) í Bandaríkjunum, Berit vetrarstormsins í Færeyjum (2011), borgarflóða í Kaupmannahöfn (2011 og 2014) og flóða og skriðufalla í Noregi (2014), en atburðunum fylgdu gríðarlegt eignatjón, auk manntjóns í sumum tilvikum. Eftir því sem áhrif loftslagsbreytinga koma betur í ljós má gera ráð fyrir því að samfélagslegur þrýstingur á fyrirtæki, um að þau axli aukna ábyrgð, aukist (Hill 2010; Hoffman 2000) og að hagsmunaaðilar krefjist þess að þau upplýsi um loftslagsstefnur sínar (Hoffmann og Busch 2008).

Mengunartjón geta haft áhrif á váttryggingarekstur. Meðal mengunartjóna má nefna leka á eitradri seyru sem innihélt arsen og kvikasilfur frá MAL álframleiðandanum í Ungverjalandi (2010) en atvikið leiddi til manntjóns, eignatjóns og skaða á umhverfi og lífríki (The Guardian 2010). Sprenging í vatnsaflsvirkjun Sayano-Shushenskaya í Rússlandi (2009), þegar einn af hverflum virkjunarinnar sprakk með keðjuverkandi áhrifum á aðra hverfla og kostaði 75 manns lífið (Russian Legal Information Agency 2011). Olíuleki sem fylgdi í kjölfar sprengingarinnar olli skaða á lífríki Yenise árinna (Rianovosti 2009), þ.m.t. dauða á eldisurriða. Váttryggingabætur námu í það minnsta US\$ 200 milljónum (Russian Legal Information Agency 2011). BP² olíuslysið í Mexíkóflóa (2010), þegar kviknaði í olíuborpalli með þeim afleiðingum að hann sökk, er einnig dæmi um atvik sem hafði neikvæð áhrif á váttryggingarekstur. Í slysinu fórust 11 manns og áætlað er að 1.000 mílur af strandlengju hafi orðið fyrir olíumengun, þar af 200 mílur fyrir umtalsverðum neikvæðum áhrifum (The Guardian 2011).

Benda má á að mengunarbótalöggjöf hefur verið styrkt hér á landi, t.d. með lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Lögin taka til atvinnutengdrar starfsemi, framkvæmda, skipa og loftfara sem valdið geta mengun á lifandi auðlindum hafsins, lífríki, umhverfi eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda, en reynt getur á gildissvið ábyrgðatrygginga vegna slíkra tjóna. Lög nr. 55/2012 fjalla um umhverfis-ábyrgð og taka til atvinnustarfsemi. Markmið þeirra er að „tryggja að sá sem ber ábyrgð á umhverfistjóni af völdum atvinnustarfsemi eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni komi í veg fyrir tjón eða bæti úr tjóni ef það hefur orðið og beri kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir í samræmi við greiðslureglu umhverfisréttarins“. Hér getur því einnig reynt á ábyrgðatryggingar viðkomandi fyrirtækja.

Mygla í húsum er stundum tengd umhverfislegum vandamálum, s.s. þegar vatnsskemmdir verða í kjölfar flóða (Mold-Advisor.Com e.d.). Þá felast afleidd umhverfisleg vandamál tengd mygla í förgun úrgangs. Mygla er að öllu jöfnu undanskilin

í váttryggingaskilmálum fasteigna- og húseigendatrygginga og því ekki greiðsluskylda til staðar. Þó eru dæmi þess að stefnendur hafi unnið lögsókn gegn váttryggingafélögum á grundvelli skaðabótaábyrgðar vegna byggingagalla í húsum (Deering 2001). Í hérlandri samantekt hefur komið fram að tjón af völdum myglusvepps geta í tilfelli vatnstjóna leitt til greiðsluskyldu úr fasteigna- eða húseigendatryggingum. Þá getur reynt á málskostnaðartryggingar vegna ágreinings um byggingargalla á húseignum, auk þess sem talið er æskilegt að auka váttryggingavernd neytenda á þessu sviði (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2015). Ekki er vitað til þess að reynt hafi á skaðabótaábyrgð váttryggingafélaga vegna myglu enn sem komið er, en dæmi eru um umtalsverð mygluvandamál t.d. þegar myglusveppur fannst í um 50 nýlegum fasteigum á Egilsstöðum og Reyðarfirði (Ruv.is 2012).

Þrátt fyrir undanþáguákvæði í váttryggingaskilmálum hafa váttryggingafélög eins og Folksam í Svíþjóð valið að leggja sitt af mörkum við að lágmarka myglutjón viðskiptavina, t.d. með rannsóknum á því hvernig losna má við myglu á umhverfisvænan hátt og því hvaða málningartegundir eru þolnar gegn myglu. Niðurstöður rannsóknanna eru aðgengilegar á heimasíðu Folksam (2011). Ástæður sem liggja til grundvallar aðgerðum Folksam eru ekki skýrðar út, en ekki er ólíklegt að félagið sé með þessu að draga úr lagalegri áhættu eða orðsporsáhættu sinni (Mills 2009) því róttæk umhverfishygga (e. radical greening) er talin meðal áhættuþátta í rekstri váttryggingafélaga. Þá er átt við að samfélagslegur þrýstingur geti haft neikvæð áhrif á ímynd og orðspor váttryggingafélaga (Ernst & Young og Oxford Analytica, 2009 2010). Samfélagsmiðlar gera það að verkum að mjög auðvelt er að skaða ímynd fyrirtækja á skömmum tíma (Jones 2012).

Hér á landi geta umhverfisleg vandamál haft áhrif á einkarekin váttryggingafélög, auk þess að hafa áhrif á opinber váttryggingafélög og sjóði, allt eftir edli þeirrar verndar sem veitt er. Auk váttryggingafélaga má nefna Viðlagatryggingu Íslands, Ofanflóðasjóð og Bjargráðasjóð en umhverfistengd tjón og/eða forvarnarverkefni geta komið til úrlausna hjá öllum þessum aðilum. Meðal íslenskra dæma um tjón tengd umhverfinu má nefna umtalsverðan fjárskaða í óveðri haustið 2010 þar sem allt að 5.500 kindur drápust (Mbl.is, 2012). Heilsu sumarbústaðagesta hefur verið stefnt í hættu og neysluvatni ógnað vegna losunar á saurkólímenguðum seyruvökva úr rotþróum á vatnsverndarsvæði Þingvallavatns (Mbl.is, 2010; Visir.is, 2010), en um var að ræða brot á starfsleyfis skyldum viðkomandi fyrirtækis (Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, 2010). Þá hefur díoxín mengun mælst í umtalsverðu magni í mjólk, kjöti og fóðri í nágrenni sorpbrennslustöðvarinnar Funa á Ísafirði. Einnig hefur díoxínmengun mælst við aðrar sorpbrennslustöðvar, til að mynda á Kirkjubæjarklaustri og í Vestmannaeyjum (Fréttablaðið 2011).

Vegna áhættu og tækifæra sem loftslagsbreytingar fela í sér fyrir váttryggjendur þarf váttryggingageirinn að vera virkur þátttakandi í að finna lausnir á sviði loftslagsmála (Dlugolecki 2009). Váttryggjendur hafa tekið frumkvæði í að leita eftir samvinnu við yfirvöld um að grípa til viðeigandi ráðstafana svo að draga megi úr neikvæðum afleiðingum loftslagsbreytinga (Johannsdóttir, Davidsdóttir, Goodsite og Olafsson 2014b; Mills og Lecomte 2001). Spár um áhrif loftslagsbreytinga eru því farnar að skila sér inn á áhættuútreikninga váttryggingafélaga, verðlagningu trygginga, samskipti við

stjórnvöld og siðrennar fjárfestingar (e. ethical investments) váttryggingafélaga (Wallace 2010). Tjónatölfræði, loftslagsspar og sérþekking í áhættustýringu gerir þekkingu váttryggjenda verðmæta þegar kemur að forvörnum, byggingareglugerðum, landnotkun, orku og samgöngum og að meta viðnámsþrótt mikilvægra innviða samfélagsins (Krebs o.fl. 2010). Einnig felast tækifæri í því að draga úr áhættu og kostnaði, t.d. með forvörnum og áhættustjórnun og með því að draga úr sóun í ferlum og innan aðfangakeðja. Þá er mögulegt að auka tekjur með nýjum og endurbættum vörum og þjónustu á sviði umhverfismála og með fjárfestingum í hreinni tækni sem stuðlar að úrlausn umhverfislegra vandamála, t.d. endurnýjanlegri orku (GEMI 1998, 2004; Jóhannsdóttir, Davíðsdóttir, Goodsite og Ólafsson 2014a; Mills 2009-b).

1.1 Uppbygging váttryggingakerfa með tilliti til náttúrutengdra tjóna

Áður en hægt er að ræða að hvaða marki váttryggingafélög axla umhverfisábyrgð í daglegum rekstri þarf að fjalla stuttlega um uppbyggingu váttryggingakerfa. Uppbygging þeirra hefur t.d. verið skoðuð í tengslum við váttryggingar sem bæta skaða sem tengjast náttúrutengdum tjónum s.s. loftslagsbreytingum (e. Natural hazard insurances). Í grein sem Schwarze o.fl. skrifuðu (2011, 16) eru skilgreindar fimm tegundir váttryggingakerfa en þau taka mið af reglugerðarumhverfi, þ.e. áður en váttryggingaáttburður verður (ex ante), og að hve miklu leyti aðkoma ríkisvalds er.

- Tegund 1** Opinbert váttryggingafélag, með einkarétt til að bæta náttúrutengd tjón.
- Tegund 2:** Lögbundin váttrygging gegn öllum náttúrutengdum tjónum.
- Tegund 3:** Vernd gegn náttúrutengdum tjónum er lögbundinn hluti af öllum almennum húseigendatryggingum (tengt við váttryggingasamninga).
- Tegund 4:** Vernd gegn náttúrutengdum tjónum er boðin á frjálsum markaði, þó með tilfallandi neyðarhjálp frá stjórnvöldum.
- Tegund 5:** Neyðarhjálparsjóðir fjármagnaðir af stjórnvöldum með sköttum.

Í greininni skoðuðu Schwarze o.fl. (2011) stöðu váttryggingakerfa sem veita vernd gegn náttúrutengdum tjónum í Þýskalandi, Austurríki og Sviss. Höfundar komast að þeirri niðurstöðu að svissneska váttryggingakerfið sem flokkast sem tegund eitt (opinber einkun) er best til þess fallið að draga úr neikvæðum hagfræðilegum (e. microeconomic) og þjóðhagslegum (e. macroeconomic) afleiðingum náttúrutengdra tjóna.

Engin sambærileg skoðun fannst á norrænum váttryggingakerfum, nema þá helst í úttekt á veðurfarstjónum á Norðurlöndum sem gerð var af dönskum, finnskum, norskum og sænskum váttrygginga- og fjármálasamtökum (Danish Insurance Association, Finance Norway, Federation of Finnish Financial Services og Insurance Sweden 2013). Segja má að í flestum tilvikum sé um blönduð váttryggingakerfi að ræða sem snúa að náttúrutengdum tjónum, nema í Svíþjóð þar sem ríkisvaldið kemur ekki með beinum hætti að váttryggingarekstri heldur er váttryggingarekstur í höndum einkaaðila, þ.e. tegund fjögur.

Á Norðurlöndunum fer það eftir eðli tjóna hvort og þá hvar þau eru tryggð. Í Noregi eru reknir tveir sjóðir til viðbótar við einkarekin váttryggingafélög, þ.e. Norsk Naturskadepool sem gegnir svipuðu hlutverki og Viðlagatrygging og lögum samkvæmt eiga öll skadatryggingafélög í Noregi sem váttryggja tjón vegna náttúruhamfara aðild að sjóðnum (Norsk Naturskadepool 2014). Statens naturskadefond tekur við þar sem hlutverk einkarekinna váttryggingafélaga og Norsk Naturskadepool endar, en sjóðurinn veitir hjálp vegna náttúruhamfara í þeim tilvikum þar sem eignir eru undanskildar áhættu í skyldutryggingum eða að um óváttryggðar eignir er að ræða (Norsk Naturskadepool 2015). Í Danmörku bætir Stormrádet flóðatengd tjón, svo sem þau sem stormar valda (Stormrádet, e.d.). Í Finnlandi ræðst það af eðli tjóna hvað einkarekin váttryggingafélög bæta og hvaða tjón hið opinbera bætir. Til að mynda er mögulegt að váttryggja áhættu á tjónum af völdum flóða og storma hjá einkareknum félögum. Tjón vegna storma eru innifalin í heimilstryggingum, en tjón vegna flóða frá ám og vötnum greiðast af opinberum aðilum (Danish Insurance Association, Finance Norway, Federation of Finnish Financial Services, and Insurance Sweden 2013).

Í drögum að frumvarpi til laga um náttúruhamfaratryggingu sem ætlunin var að leggja fyrir 144. lögjafarþing Alþingis 2014-2015, en ekki komst á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar, kemur fram að Ísland sé eitt fárra Evrópuríkja sem skyldi húseigendur til að tryggja sig gegn náttúruhamförum (Fjármála- og efnahagsráðuneytið 2014). Að hvaða marki þetta er rétt er óljóst, vegna þess að váttryggakerfin eru ólík að uppbyggingu eins og kemur fram í rannsókn Schwarze o.fl. (2011) og greiningu norrænu váttrygginga- og fjármálasamtakanna. Í samantekt Evrópusamtaka váttryggienda, Insurers of Europe, kemur t.d. fram að vernd vegna náttúruhamfara í Noregi sé tengd kaupum á lögboðnum brunatryggingum, svipað og á Íslandi, en í Svíþjóð þá er slík vernd boðin sem hluti af fasteignatryggingaskilmálum eða sem viðbótarvernd (Hlatky 2011).

1.2 Norræn váttryggingafélög og umhverfismál

Frá árinu 2008 hafa Norræn váttryggingafélög lagt sérstaka áherslu á loftslagsmál, bæði að draga úr útblæstri (e. mitigation) og því að draga úr afleiddum vandamálum (e. adaptation). Haldnar hafa verið sérstakar loftslagsráðstefnur innan váttryggingageirans árið 2008, 2009 og 2012 til þess að draga fram hver áhrif loftslagsbreytinga geta orðið fyrir váttryggjendur og samfélagið og hvert hlutverk váttryggingafélaga er við úrlausn loftslagstengdra vandamála. Á ráðstefnunni árið 2009 gáfu váttrygginga- og fjármálasamtökin í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð út sameiginlega yfirlýsingu um áherslur sínar á þessu sviði og eru áherslur tengdar meginhlutverki þeirra á sviði váttryggingaverndar, tjóna og forvarna, sem og fjárfestinga. Þá eru loftslagssjónarmið einnig höfð til hliðsjónar í daglegum rekstri, t.d. að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda með orkusparnaði sem og að eftirfylgni aðgerða eigi sér stað. Samkvæmt yfirlýsingunni leggja norrænir váttryggjendur áherslu á eftirfarandi þætti (Bosse o.fl. 2009):

- **Vörur og þjónusta:** Að líf- og skadatryggjendur þrói og bjóði vörur og þjónustu sem taka mið af loftslagssjónarmiðum.

- **Forvarnir og tjón:** Að áherslur á sviði tjóna og forvarna taki mið af loftslagssjónarmiðum.
- **Fjárfestingar:** Að tekið sé mið af loftslagssjónarmiðum við fjárfestingar og í fjárfestingastefnum.
- **Eigin rekstur:** Að váttryggingafélög taki mið af loftslagssjónarmiðum í eigin rekstri.
- **Eftirfylgni:** Að eftirfylgni sé til staðar varðandi aðgerðir váttryggingageirans á sviði loftslagsmála.

Auk loftslagsráðstefna sem haldnar hafa verið af norrænum váttryggjendum hafa verið gefnar út skýrslur á þessu sviði. Þær segja til um væntingar norrænna neytenda til aðgerða váttryggingafélaga á sviði loftslagsmála, segja frá hagnýtum dæmum frá leiðandi váttryggingafélögum (e. best practice examples) og veita samantekt um losun koldíoxíðs (CO₂) vegna bruna- og vatnstjóna (Blomqvist og McNamee, e.d.; CO₂focus 2009; Moberg o.fl. 2009; Rasmussen og Hansen 2009). Hlutverk norrænna váttryggingafélaga í umhverfisstefnumörkun Norðurlanda hefur einnig verið skilgreint í skýrslu sem gefin var út á vegum Norrænnar nýsköpunar (e. Nordic innovation) árið 2011 (Ahvenharju o.fl. 2011). Þar kemur fram að norræn váttryggingafélög hafi m.a. hlutverki að gegna varðandi flóðaáhættu, meiriháttar slysa hjá fyrirtækjum í hættulegri starfsemi og með nýsköpun á sviði váttrygginga.

1.3 Stjórnvöld, váttryggingafélög og umhverfismál

Alþingi setur lög sem haft geta bein áhrif, eða óbein áhrif í gegnum hagsmunaðila, á rekstrarumhverfi váttryggingafélaga á sviði umhverfismála. Þar má nefna lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð sem nefnd voru hér að framan. Einnig hafa lög nr. 73/2008 um meðhöndlun raf- og raf-eindatekjaúrgangs um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 sem dæmi haft áhrif á héraend váttryggingafélög. Fyrirtækið Græn framtíð hefur t.d. gert samninga við Sjóvá, VÍS, Tryggingamiðstöðina og Vörð um endurnýtingu smáraftækja sem bætt eru vegna tjóna. Græn framtíð hefur einnig gert slíka samninga við váttryggingafélög á Álandseyjum og í Noregi (Græn framtíð 2014, 2013, 2010). Vegna aðildar Íslands að Samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES samningurinn), og lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, þá er Ísland skyldað til þess að taka upp afleidda löggjöf Evrópusambandsins, tilskipanir og reglugerðir á þeim sviðum sem samningurinn nær til. Tilskipun 2014/95/EU sem ætlað er að auka gagnsæi í birtingu ófjárhagslegra upplýsinga er lúta að samfélagi, umhverfi og starfsfólki, gæti því er fram í sækir náð til íslenskra fyrirtækja, en vegna stærðarviðmiða myndu íslensk váttryggingafélög falla utan gildissviðs tilskipunarinnar. Sé tjónareynsla vegna fasteignatjóna sem tengja má umhverfismálum neikvæð geta váttryggingafélög beitt sér fyrir breytingum á byggingareglugerð nr. 112/2012 í eigin þágu og í þágu tjónþola.

Framkvæmdavaldið fylgir eftir settum lögum og hrindir þeim í framkvæmd. Ríkisendurskoðun hefur skilgreint opinbera stjórnsýslu sem „starfsemi ríkis og sveitarfélaga

sem heyrir undir framkvæmdavaldið og felur í sér stjórnunar- og eftirlitsstörf við opinberan rekstur og ákvarðanatöku um rétt eða skyldur manna“ (Ríkisendurskoðun e.d.). Opinber stefna hefur, og getur haft, áhrif á rekstrarumhverfi váttryggingafélaga því hún birtist með formlegum hætti í lögum, þingsályktunum, reglugerðum, stjórnarsáttmálum, stefnum um tiltekin málefnasvið, aðgerðaáætlunum og samningum (Stjórnarráð Íslands 2013). Áherslur stjórnarflokka hverju sinni endurspeglast í stjórnarsáttmálum og málefna stefnum. Ætla má að skuldbindingar Íslands á alþjóðavettvangi geti þar haft mótandi áhrif eins og t.d. Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kyotobókunin sem hefur áhrif á heimildir Íslands til losunar gróðurhúsalofttegunda (Umhverfisstofnun, e.d.). Á alþjóðavettvangi eru tvær megináherslur tengdar loftslagsbreytingum, en þær eru að draga úr losun (e. mitigation) og aðlögun (e. adaptation) að þeim vanda sem talið er að fylgja munu loftslagsbreytingum (IPCC 2007) og endurspeglast þær hér á landi í lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál. Þessar megináherslur geta tengst kjarnastarfsemi váttryggingafélaga, þ.e. vörum og þjónustu sem stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda, tjónviðgerðum sem dregið geta úr framtíðartjónum eða haft orkusparnað í för með sér, sem og fjárfestingum í hreinni tækni (Johannsdóttir, o.fl. 2014 a og b).

Í stefnu Evrópusambandsins um aðlögun að loftslagsbreytingum eru váttryggingar nefndar sem mikilvægur þáttur varðandi þol (e. resilience) gegn loftslagsbreytingum, með því að váttryggjendur bæti aðferðir við að stjórna loftslagstengdri áhættu, með verðlagningu á váttryggingavernd með það að markmiði að minnka áhættu og með váttryggingaframboði (European Commission 2013). Mikilvægi váttryggingafélaga og váttryggingalausna eru viðurkennt í aðlögunarstefnum og áherslum stjórnvalda í nágrannalöndunum, t.d. í Finnlandi (Ministry of Agriculture and Forestry of Finland 2005) og í Noregi (Climate-ADAPT e.d.). Slíkar áherslur er ekki að finna hjá íslenskum stjórnvöldum því að í aðgerðaáætlun frá árinu 2010 eru áherslur eingöngu á losunarþáttinn og losunarmarkmið eftir atvinnugreinum, en ekki vikið að aðlögun Íslands að loftslagsbreytingum eða því hlutverki sem váttryggingafélög geta þar gegnt (Umhverfisráðuneytið 2010). Þess utan þá geta opinber innkaup, sem og önnur opinber stjórnþæki eins og áætlanir, haft áhrif á umhverfis- og loftslagsáherslur váttryggingafélaga. Váttryggingafélög geta t.d. stutt við samgönguáætlun stjórnvalda með því að bjóða betri kjör á farartæki sem ganga fyrir umhverfisvænum orkugjöfum (Tryggingamiðstöðin e.d.) eða aukið líkur sínar á því að vinna útboð um váttryggingar séu umhverfisáherslur tilgreindar í útboðsskilmálum.

Dómstólar geta haft áhrif á váttryggingafélög verði ágreiningur um bótaábyrgð eða bótarétt er lýtur að umhverfis- og mengunarloggjöf og váttryggingaskilmálum. Dómafordæmi á því sviði fundust ekki við leit, en í sumum tilvikum hefur verið hægt að forða alvarlegum mengunarslysum eins og við strand flutningaskipanna Vikartinds og Wilson Muga sem annars hefðu að líkum endað sem úrlausnaratriði dómstóla.

Skipulagsmál sveitarfélaga geta haft áhrif á rekstrarumhverfi váttryggingafélaga, þ.e. ef leyfðar eru byggingaframkvæmdir á svæðum þar sem áhrifa loftslagsbreytinga getur gætt. Einnig geta aðgerðir eða aðgerðaleyfi sveitarfélaga haft áhrif á váttryggingafélög

t.d. varðandi holræsa- og frárennismál, eins og sýndi sig í veðurfarstjóni í mars 2015 (visir.is, 2015).

2. Aðferðafræði

Grein þessi byggir á doktorsritgerð eins af greinarhöfundum sem framkvæmdi tilviksrannsókn (e. case study) (Yin 2003) þar sem rætt var við 74 stjórnendur og sérfræðinga í stærstu váttryggingafélögunum á Álandseyjum, Færeyjum, Íslandi, Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, alls 16 fyrirtækjum. Að auki voru tekin 6 viðtöl við utanaðkomandi sérfræðinga og 7 þátttökuathuganir framkvæmdar, til að mynda þátttaka í norrænum loftslagsráðstefnum. Það sem einkennir váttryggingamarkaðinn í hverju landi fyrir sig er að 2-4 stærstu félögin eru ráðandi á markaði með 63-100% markaðshlúdeild. Fyrirtækin sem tóku þátt í rannsókninni eru í hópi þessara stóru félaga þó svo að aðrir þættir aðgreini þau, eins og t.d. stærð, eignarhald og áherslur í rekstri. Viðmælendum í rannsókninni voru gefin ný nöfn og koma því fram undir dulnefnum þegar vísað er í ummæli þeirra.

2.1 Yfirlit yfir tilvikshópa


Upplýsingar um tilvikshópa má sjá í töflu 1 sem sýnir Eyjahóp og í töflu 2 sem sýnir Meginlandshóp. Í Meginlandshópnum eru fjögur félög stór á landsvísu og fjögur stór á norræna vísu. Stærstu félögin eru með allt að sjö þúsund starfsmenn í vinnu á meðan tvö þau smæstu hafa færri en 50 starfsmenn. Varðandi félögin sem eru stór á norræna vísu skipti staðsetning viðmælenda ekki máli, þar sem svör þeirra tóku til starfseminnar á Norðurlöndum, ekki bara í því landi þar sem viðtalið fór fram.

Tafla 1. Tilvikshópar - eyjahópur

Tilvikshópur	Fjöldi fyrirtækja	Fjöldi viðmælenda	Starfsmannafjöldi <250	Markaður
Áland	2	9	Lítill/meðalstór	Eitt land
Færeyjar	2	6	Lítill/meðalstór	Eitt land
Ísland	4	16	Lítill/meðalstór	Eitt land
Samtals	8	31		

Tafla 2. Tilvikshópar – meginlandshópur

Tilvikshópur	Fjöldi fyrirtækja	Fjöldi viðmælenda	Starfsmannafjöldi >250	Markaður
Danmörk	2	4	Stór	Eitt land / Norrænn
Finnland	2	10	Stór	Eitt land / Norrænn
Noregur	2	9	Stór	Eitt land / Norrænn
Svíþjóð	2	20	Stór	Eitt land / Norrænn
Samtals	8	43		

Mynd 1. Skipting fyrirtækja í tilvikshópa

Mynd 1 sýnir hvernig fyrirtækjum var skipt upp í tilvikshópa, en átta váttryggingafélög voru í hvorum hópi.

2.2 Viðtöl

Viðtölin voru tekin í höfuðstöðvum viðkomandi váttryggingafélags. Markmið þeirra var að öðlast skiling á áhuga og framlagi norræna skaðtryggingafélaga á úrlausn umhverfislegra vandamála. Viðmælendur störfuðu ýmist sem yfirmenn eða sérfræðingar hjá viðkomandi félagi og höfðu þekkingu á málaflokknum, annað hvort vegna stjórnunarábyrgðar á þessu sviði, eða vegna þess að málefnið snerti dagleg störf þeirra. Fyrirtækin ákváðu sjálf hverjir viðmælendurnir væru, en þeir komu m.a. úr yfirstjórn, tjonadeildum, almannatengsladeildum eða deildum sem ábyrgð báru á sjálfbærni-, umhverfis-, loftslagsmálum og/ eða samfélagsábyrgð, allt eftir því hvernig málaflokkurinn var skilgreindur hjá félögunum. Viðtölin voru hálfopin og stóðu frá um 30 mínútum upp í tvo og hálfan klukkutíma. Helstu efnisatriði viðtala voru 1) áhrif umhverfismála á rekstur váttryggingafélagsins, 2) áhrif loftslagsbreytinga á rekstur váttryggingafélagsins, 3) aðgerðir váttryggingafélagsins á sviði umhverfis- og loftslagsmála, þar með talið stefnumörkun, kjarnastarfsemi félagsins og daglegur rekstur, 4) ávinningur af aðgerðum á sviði umhverfismála og 5) helstu hindranir við innleiðingu umhverfisáherslna.

2.3 Meðhöndlun og greining gagna

Viðtölin fóru fram á ensku, utan viðtöl við héraenda stjórnendur og sérfræðinga. Þau voru hljóðrituð og skrifaðar voru vettvangsnótur. Þar voru skráðar upplýsingar um aðgang að viðkomandi fyrirtæki og/ eða starfsmanni, lýsing á vettvangi og viðmælanda, athöfnum, hlutum, viðburðum tengdum viðtalinu, tímaröð, tilfinningu rannsakanda, brottför og hugleiðingar að viðtali loknu. Viðtölin voru afrituð frá orði til orðs og vistuð sem hluti af vettvangsnótum. Þá telja til rannsóknargagna rannsóknardagbók, grein- ingarblöð, gögn frá fyrirtækjum o.fl.

Notaðar voru mismunandi aðferðir við að greina gögnin (Creswell 2007). Hugarkort voru notuð til að halda utan um hugtök og þemu, en einnig voru Excel skjöl notuð til að halda utan um þematengd gögn. Kóðun felur í sér að gögnin eru lesin nákvæmlega í leit að þemum, hugmyndum, hugtökum eða orðasamböndum. Kóðun auðveldar rannsakanda að sjá hvað er sameiginlegt á milli tilvikshópa, hvað aðgreinir þá, hvort það séu mynstur í gögnunum o.s.frv. Notuð voru lifandi kóð, þ.e. kóð sem spruttu úr gögnunum og tilbúin kóð, þ.e. hugtök sem útbúin voru af rannsakanda (Creswell 2007). Þemu sem fram komu voru flokkuð og útbúnir undirflokkar eftir því sem við átti. Innihaldsgreining var einnig notuð og gerður var samanburður á kóðun milli viðtala í sama tilvikshópi (e. within case analysis) og á milli tilvikshópa (e. accross case analysis) til þess að skoða hvort áherslur væru svipaðar eða hvort upp kæmu mótsagnir á milli tilvikshópa (Taylor og Bogdan 1998).

3. Niðurstöður

Vert er að benda á að váttryggingafélögin í Eyjahópnum voru mjög skammt á veg komin á sviði umhverfismála þegar viðtölin voru tekin, þannig að umfjöllun um aðgerðir í þessari grein byggist því sem næst alfarið á svörum viðmælenda úr Meginlandsfélagunum.

Ég held að það þurfi að koma einhver ákvörðun eða það þarf að vera einhver vilji fyrir því hjá stjórnendum að beita sér fyrir þessu en bara því miður það hefur ekki [gerst] (Hallís Ólafsdóttir).

Á undanförunum árum hafa áherslur á umhverfismál verið auknar hjá hérlendum váttryggingafélögum, en enn sem komið er snúa þær aðallega að því að auka vitund stjórnenda og/eða starfsmanna um umhverfismál, forvörnum, svo og að draga úr umhverfisáhrifum af daglegum skrifstofurekstri t.d. með endurvinnslu.

Umfjöllun um hlutverk og aðgerðir váttryggingafélaga hvað varðar umhverfis- og loftslagsmál byggir á áherslum Meginlandsfélaganna sem fram kom í yfirlýsingunni hér að ofan, þ.e. 1) vörur og þjónusta, 2) forvarnir og tjón, 3) fjárfestingar, 4) eigin starfsemi, 5) eftirfylgni, auk þess sem komið verður inn á 6) hlutverk váttryggjenda sem þrýstiafls í umhverfislegum umbótum. Tilvitnun í viðmælendum og dæmi verða notuð til að dýpka umræðu í hverjum flokki fyrir sig.

3.1 Vörur og þjónusta váttryggingafélaga

Rannsóknin leiðir í ljós að norrænir váttryggjendur eru þegar farnir að endurhanna núverandi vörur og þróa nýjar sem taka mið af umhverfis- og loftslagssjónarmiðum, en hér er t.d. átt við þá vernd sem váttryggingafélög veita. Sumir viðmælendum nefndu þó flækjustig og vandamál við að skilgreina umhverfisvænar vörur sem hindrun í vöruþróun sem tekur mið af umhverfissjónarmiðum. Þegar nýjar vörur eru þróaðar þarf m.a. að breyta váttryggingaskilmálum, upplýsingakerfum, tjónaferlum og þjálfá starfsfólk.

Vöruþróun hjá váttryggingafélögum er mjög flókin ... Við breytum sjaldan vörum vegna þess hve kerfin eru þung í vöfum (Morten Nielsen).

Aðrir sjá vöruþróun sem leið til að aðgreina váttryggingafélögin og ná þannig samkeppnisforskoti á markaði sem býður einsleitir vörur á sambærilegum kjörum. Var talað um að samúðargildi (e. sympathetic value) gæti haft úrslitaáhrif við val viðskiptavina á váttryggingafélögum.

Þarna liggur samkeppnin. Fyrirtækin sem fundið geta bestu vörurnar og þjónustuna munu ná yfirtökum á markaðinum (Olaf Dahl).

Við bjóðum betri kjör en aðrir á rafbílum því að við sjáum að þetta er vaxandi markaður og við ætlum okkur að eiga hann. Það er viðskiptaleg blið málsins (Olaf Dahl).

Meðal þeirra aðferða sem váttryggingafélög nota til að markaðssetja umhverfisvænar lausnir eru fjárhagslegir hvatar. Hér má nefna ökutækjatrýggingar sem dæmi, en sum af Meginlandsfélögunum bjóða betri kjör á rafbílum, tvinbílum og metanbílum og/eda að tengja saman akstur á ársgrundvelli og iðgjöld. Minni akstur þýðir minni áhætta og lægri iðgjöld. Meðal annarra viðskiptalegra sjónarmiða sem nefnd voru var áhættuhegðun viðskiptavina sem kaupa umhverfisvænar bílategundir, þ.e. að þeir feli í sér minni áhættu fyrir váttryggingafélög.

Maður sér fyrir sér að þeir einstaklingar sem að eru dálítið meðvitadír um þetta í dag, þeir geta verið góð áhætta, þannig að businesslega séð þá getur þetta verið álitlegur markbópur (Eiríkur Ásgeirsson).

Þetta er ekki visindalega sannað, en við erum tilbúin að taka ábættuna (Olaf Dahl).

Í Svíþjóð geta viðskiptavinir keypt Bra Miljöval umhverfismerkta váttryggingar af Folksam váttryggingafélaginu. Váttryggingarnar hafa verið vottaðar af Swedish Society for Nature Conservation (SSNC), en vottunin nær til ökutækja, heimila og frístundahúsa. Til þess að fá vottun þurfa 43 viðmið að hafa verið uppfyllt, en meðal fimm mikilvægustu þáttanna sem horft er til eru 1) orkunýting, endurvinnsla og auðlinda-notkun, 2) vistvænir tjónaferlar t.d. í ökutækjatjónum þar sem endurnýting er háværkuð, 3) fjárfestingar sem byggja á umhverfis- og siðrænum sjónarmiðum og þar sem jákvæð/neikvæð skimun fjárfestingakosta á sér stað, 4) kaup á umhverfisvottuðu rafmagni og 5) umhverfisvæn innkaup á rekstrarvörum (Folksam e.d.). Einnig er gert ráð fyrir að váttryggingafélög sem fá vottun veiti ráðgjöf um orkunýtingu og hvetji viðskiptavini til að tileinka sér umhverfisvænan lífstíl (Naturskyddsforeningen 2011a, 2011b).

Í Svíþjóð stendur bændum til boða að kaupa endurvinnslutrýggingar af váttryggingafélögum innan vébanda Länsförsäkringar, en váttryggingarnar eru boðnar í samstarfi við félagasamtök sem heita Håll Sverige Rent sem sér um framkvæmdina. Á vorin hafa bændur samband við félagasamtökin og óska eftir þjónustu. Um sumarið er síðan komið við á þeim býlum sem þess óska og úrgangur sóttur og hann meðhöndlaður eins og við

á. Þjónustan er bændum að kostnaðarlausu, en Länsförsäkringar fjármagna þjónustuna með sölu á málmúrgangi. Þjónustunni var hleypt af stokkunum árið 2007. Á tveggja ára tímabili var um 2,3 milljónum lítra af olíuúrgangi safnað, auk 291 tonna af olíufilterum, 534 tonnum af skordýraeitri, 60 tonnum af flúrlömpum, 299 tonnum af málningaúr-gangi og 30.000 tonnum af málmúrgangi (Petersson 2010). Vegna þess hve vel hefur tekist til hefur þjónustan verið útvíkuð og tekur nú einnig til afgangslýfa til einstaklingsnota (Löfquist 2010).

3.2 Forvarnir og meðhöndlun tjóna

Forvarnir og meðhöndlun tjóna eru hluti af kjarnastarfsemi váttryggingafélaga. Þar liggur sérþekking greinarinnar og þar getur hún haft umtalsverð áhrif í ljósi stærðar sinnar og tengsla við viðskiptavininn og birgja. Forvarnir skipta umtalsverðu máli út frá umhverfis-sjónarmiðum, því hvert tjón sem má fyrirbyggja felur í sér umhverfislegan ávinning í formi minni auðlindanotkunar, mengunar, útblásturs og úrgangs.

Besta leiðin er að koma í veg fyrir tjón. Næst besta leiðin er að lágmarka tjón þegar þau gerast (Lasse Isaksson).

Út frá viðskiptalegu sjónarmiði er það angljóst að það er hagkvæmast að reyna að koma í veg fyrir tjón í stað þess að glíma við afleiðingar þeirra eftir á (Alvar Björkman).

Í ljósi náninna tengsla við viðskiptavininn geta smærri váttryggingafélög einnig haft áhrif á tjónaþróun. Í ársskýrslum sumra norrænna váttryggingafélaga sem gefnar voru út árið 2010 kom fram að félögin urðu fyrir umtalsverðu fjárhagslegu tjóni af völdum snjóþunga á húspökum. Þunginn varð til þess að þök gáfu sig og leiddi það til umtalsverðs eignatjóns. Var tjónið 200% meira en árið á undan og olli það tjóni hjá einstaklingum, fyrirtækjum og aðilum í landbúnaði (Tryg 2010). Sem skyndiaðgerð (e. ad hoc) til þess að lágmarka tjón fór Ömsesidiga Försäkringsbolaget á Álandseyjum þá leið að yfirmenn félagsins kortlögðu fasteignir í áhættu og hringdu síðan í eigendur til að kanna til hvaða aðgerða þeir höfðu gripið til að fyrirbyggja tjón. Þó erfitt sé að mæla fjárhagslegan ávinning af slíku átaki má leiða að því líkum að félagið hafi með þessu móti komið í veg fyrir umtalsvert eigna- og umhverfistjón. Þá má segja að við úrlausn tjóna verður sú óáþreifanlega hugarró sem viðskiptavinir keyptu að raunverulegri vöru.

Þá er erum við að afhenda vöruna (Lárus Guðmundsson).

Þegar tjón á sér stað skiptir máli að auðlindanotkun og notkun á skaðlegum eignum sé lágmarkuð og að úrgangur sé meðhöndlaður á ábyrgan máta. Váttryggiendur og viðgerðaraðilar á sviði tjóna geta horft til rammatilskipunar Evrópusambandsins (2008/98/EC) varðandi meðhöndlun úrgangs, en þar er úrgangsmeðhöndlun flokkuð frá æskilegustu aðferðinni yfir í þá óæskilegustu; þ.e. að draga úr, endurnýta, endurvinnna, framleiða orku úr úrgangi og farga.

Meðal þeirra leiða sem norrænir váttryggjendur hafa valið er að setja umhverfisákvæði í samninga við viðgerðaraðila (birgja) og gera til þeirra umhverfiskröfur eða með því að velja samstarfsaðila út frá umhverfissjónarmiðum. Þetta er talið hafa smitunarhrif á undirverktaka á sviði tjóna, því viðgerðaraðilar gera þá einnig kröfur til sinna birgja og samstarfsaðila. Birgjar þurfa í sumum tilvikum að fylla út spurningakannanir og gátlista áður en samningar eru gerðir við þá. If P&C váttryggingafélagið gerir t.d. kröfur um vinnuáðferðir, efnanotkun, útblástur og meðhöndlun úrgangs (If P&C Insurance Company, e.d.), en Codan/Tryg-Hansa hefur þróað siðaregður (e. code of conduct) í innkaupum sem innleiða á í alla innkaupaferla félagsins, t.d. þegar endursamið er við birgja eða í útboðum á vegum félagsins (Codan og Trygg-Hansa 2011). Váttryggingafélagið Tryg velur ekki bara birgja sem þegar standast kröfur, heldur hjálpa núverandi birgjum að ná þeim kröfum sem fyrirtækið gerir á sviði „grænna tjónaviðgerða“ (Tryg 2011).

Hagrænir hvatar eru einnig nýttir til að fá viðskiptavinum til að draga úr orkunotkun og stýðja þannig við stefnu stjórnvalda hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda. Tryg býður viðskiptavinum upp á svokallaða ExtraPlus váttryggingu, en viðskiptavinir sem velja hana fá aukalega NOK 50.000 í tjónabætur til endurbýgginga á fasteignum m.t.t. orkunýtingarsjónarmiða komi til tjóns (Tryg 2010).

3.3 Fjárfestingar út frá umhverfis- og loftslagssjónarmiðum

Norrænir váttryggjendur horfa að einhverju marki til jákvæðrar og neikvæðrar skimunar á fjárfestingakostum út frá umhverfis- og siðrænum sjónarmiðum. Samkvæmt skimunaraðferðinni þá eru fyrirtæki sem teljast skaða umhverfið undanskilin sem fjárfestingakostir, á meðan fyrirtæki sem stuðla að bættu umhverfi eru talin álitlegur fjárfestingakostur. Þriðja leiðin sem norrænir váttryggjendur nota er að vera áhrifafjárfestar en með nánú samstarfi við stjórnendur og meðfjárfesta reyna þeir að hafa áhrif á stefnumörkun og stjórnun fyrirtækja sem fjárfest er í með það að markmiði að draga úr umhverfislegum áhrifum af rekstrinum og/edá hagnýta tækifæri sem felast í því að bjóða umhverfisvænar vörur og þjónustu. Umhverfis- og loftslagssjónarmið eru talin skila góðri langtímaávöxtun.

Sum váttryggingafélaganna nota viðmið um ábyrgar fjárfestingar, eða Principles for Responsible Investments (PRI) sem ramma utan um verklag á sviði umhverfisfjárfestinga. Ábyrgar fjárfestingar taka mið af umhverfis- og samfélagssjónarmiðum, svo og stjórnunarháttum fyrirtækja (e. corporate governance) þannig að tryggja megi heilsu og stöðugleika markaðarins til lengri tíma lítið (Principles for Responsible Investment, e.d.)

Víð höfum undirritað PRI viðmið Sameinuðu þjóðanna og við tókum þau mjög alvarlega (Ilma Mikkonen).

Þegar ég tala um CSR [samfélagsábyrgð] segi ég alltaf að ef við fjöllum ekki um fjárfestingar þá erum við ekki að borfa á heildarmyndina því þar liggja gríðarlegir fjármunir hjá váttryggingafélögum. Við getum haft umtalsverð áhrif í gegnum fjár-

festingar og það er einnig það sem viðskiptavinirnir spyrja um. Þú getur lagt svo og svo mikla vinnu í að endurvinna pappír á skrifstofunni. Það skiptir í rauninni engu máli, ef þú á sama tíma setur gríðarlega fjármuni í eitthvað sem leggur jörðina í rúst (Ilma Mikkonen).

Fjárfestingar í hreinni tækni, eins og t.d. vindmyllum var talinn álitlegur kostur fyrir váttryggingafélög.

Þetta er athyglisverð leið, því það stuðlar að góðu vörumerki að fjárfesta í þeim, en á sama tíma eru þær einnig mjög arðbærar. Það er auðvelt að fjárfesta í umhverfinu ef þú veist að þú færð fjárfestinguna til baka ... Við munum fjárfesta meira og meira í vindmyllum (Rainer Lindfors).

3.4 Eigin starfsemi váttryggingafélaga

Fjölmargir viðmælendur í Meginlandshópnum ræddu mikilvægi þess að váttryggjendur axli ábyrgð á sviði umhverfismála vegna ímyndarsjónarmiða og til þess að teljast trúverðugir sem þrýstiafl í samfélaginu. Það gefi þeim „leyfi til að tala“ (e. license to speak) um umhverfismál.

Við getum ekki farið út og sett okkur á háan best þegar kemur að því að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga, eða að aðlagast þeim, ef við höfum ekki gert það sem í okkar valdi stendur á þessu sviði (Olaf Dahl).

Við getum ekki farið út og sagt við aðra, „þetta er vandamál“ án þess að aðhafast sjálfir (Rasmus Lund).

Áhersla á eign starfsemi var upphafspunktur hjá sumum Meginlandsfélögum, áður en þau gripu til aðgerða á sviði kjarnastarfsemi sem snerta aðila utan veggja félaganna. Meðal þeirra atriða sem horft er til í innri aðgerðum eru stjórnunarhættir sem taka mið af umhverfis- og loftslagsmálum, vitundarvakning meðal starfsfólks og valdefling þess, húsnæði og orkunotkun, samgöngur, upplýsingatækni, kaup á skrifstofu- og rekstrarvörum og úrgangsstjórnun. Framtíðarsýn og stuðningur stjórnenda er talinn skipta lykil-máli eigi raunverulegur árangur að nást. Félögin velja mismunandi viðmið og stjórnkerfi til þess að ramma inn aðgerðir sínar og til eftirfylgni, allt eftir stærð þeirra og lausna sem standa til boða í viðkomandi landi.

Til að styðja við stefnu váttryggingafélaganna þarf fyrirtækjamenning að taka breytingum og þá kemur vitundarvakning til. Þar velja félögin mismunandi leiðir, s.s. stýrihópa, (vef)námskeið, umhverfisblogg, leiðbeiningar, greinaskrif og þemadaga/vikur. Hjá viðmælendum kom fram að miklu máli skiptir að auðvelda starfsfólki að sjá hvaða áhrif umhverfisáherslur hafa á þeirra daglegu störf, hver ávinningurinn (e. business case) sé og hvernig starfsmenn styðja við stefnu fyrirtækisins með aðgerðum sínum. Takist vel til endurspeglast það í stolti og ánægju starfsmanna yfir því að vinna hjá fyrirtækjum sem hafa æðri tilgangi en að græða meira í dag en í gær.

Þegar kemur að húsnæðismálum og orkunotkun má nefna dæmi frá Tryg sem nýlega er búið að gera gagnngerar endurbætur á höfðustöðvunum m.a. til að ná fram orkusparnaði. Á meðan á umbótum stóð hafði félagið starfsmann á fullum launum við að lágmarka umhverfisáhrifin með því að dreifa byggingarefni, húsgögnum og tækjabúnaði til skóla, líknarfélaga, sjálfbodaliðahreyfinga, félagasamtaka og annarra sem nutu góðs af breytingunum. Mælanleg metnaðarfull markmið voru sett fram um endurnýtingu og sjálfbærnefnd (e. sustainability committee) endurskoðaði ferlið reglulega og upplýsti um árangur.

Þó að slíkt hafi ekki komið upp á yfirborðið í viðtölum við hérkent váttryggingafólk, þar sem hérkend váttryggingafélög hafa greiðan aðgang að ódýrri endurnýjanlegri orku, þá virtist það skipta viðmælendum erlendis miklu máli að geta sagt frá umhverfisvænum orkukaupum váttryggingafélaga sem þeir störfuðu hjá.

Hvað samgöngubáttinn varðar þá nefndu viðmælendum atriði eins og samnýtingu bíla (e. car pooling), umhverfisvæna bíla í eigu váttryggingafélaganna, samninga um afnot af umhverfisvænum leigubílum, vistakstursnámskeið o.fl. Þá var lagt upp úr samgöngustefnum með það að markmiði að draga úr ferðum, þ.m.t. flugferðum. Þess í stað hagnýta félögin upplýsingatekni til vefsamskipta. Rafrænar lausnir eru einnig nýttar í samskiptum við viðskiptavini, samstarfsaðila og birgja í sparnaðarskyni og til þess að draga úr ferðum og pappírnotkun. Horft er til líftímakostnaðar við rekstur upplýsingakerfa, t.d. orkunotkunar og annarra umhverfisþátta, en ekki bara upphafskostnaðar. Meginlandsfélögin hafa sett fram innkaupastefnur varðandi kaup á skrifstofu- og rekstrarvörum og kaupa umhverfisvottaðar vörur ef við á.

Meðhöndlun úrgangs var viðmælendum hugleikið efni, bæði út frá mengun og útblæstri tengdum úrgangi. Þau félög sem standa sig hvað best nota um og yfir 20 úrgangsflokka. Hjá sumum félögum hafa starfsmenn ekki lengur ruslafötur, heldur er gert ráð fyrir að allur úrgangur sé flokkaður í þar til gerðum endurvinnsluherbergjum. Váttryggingafélögin fara einnig þá leið að gera samninga við traust fyrirtæki á sviði úrgangsmeðhöndlunar. Á meðan á gagnaöflun stóð gerðu íslensku félögin öll samning við Græna framtíð um meðhöndlun raftækjaúrgangs eins og áður hefur komið fram.

3.5 Eftirfylgni innan norræna váttryggingageirans

Segja má að norrænu loftslagsráðstefnurnar sem haldnar hafa verið á vegum fjármála- og váttryggingasamtaka séu viðleitni til eftirfylgni af hálfu norræna váttryggingageirans. Sama má segja um rannsóknir og skýrslur um stöðu mála sem gerðar hafa verið af hálfu váttryggingasamtakanna og einstakra félaga og birtar eru opinberlega, þ.m.t. upplýsingar sem fram koma í ársskýrslum, sjálfbærnisráðgjafum og skýrslum sem gerðar eru í tengslum við alþjóðleg viðmið eins og Global Reporting Initiative (GRI), Carbon Disclosure Project³ (CDP), ClimateWise⁴ o.fl. Enn sem komið er reynist erfitt að meta raunverulegan árangur af umhverfisstarfi váttryggingafélaga vegna þess hve ólíkar leiðir þau velja á sviði umhverfis- og loftlagsmála.

Gagnsæi upplýsinga á heimasíðum váttryggingafélaganna um áherslur og aðgerðir á

sviði umhverfis- og loftslagsmála þjóna einnig tilgangi þegar kemur að eftirfylgni. Upplýsingar sem gerðar eru aðgengilegar með þessum hætti auðvelda einnig fyrirtækjum að gera samanburðarmat á eigin frammistöðu og samkeppnisaðila. Fyrir smærri fyrirtæki sparar þessi möguleiki fjármuni því upplýsingarnar geta kveikt hugmyndir og verið innlegg í stefnumörkun þeirra og aðgerðaáætlanir.

Forstjórar fjögurra stærstu norrænu váttryggingafélaganna hafa tekið höndum saman um að þrýsta á um aðgerðir á sviði loftslagsmála, ekki bara innan váttryggingageirans heldur einnig með því að skora á aðrar iðngreinar að axla ábyrgð á þessu sviði (Newsmill 2010). Þessi félög hafa einnig sett á laggirnar vinnuhóp sem ætlað er að skilgreina stefnu og forgangsöröðun aðgerða innan norræna váttryggingageirans. Sameiginleg tilmæli hafa verið gefin út um það hvernig draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda og aðlagast áhrifum loftslagsbreytinga (Tryg 2010).

3.6 Váttryggingendur sem þrýstiafl til aðgerða

Rannsóknin leiddi í ljós að váttryggingafélög geta gegnt hlutverki þrýstiafls til aðgerða á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Það sem gerir váttryggingafélögum þetta kleift er stærð váttryggingageirans, hlutfallsleg stærð félaganna samanborið við þorra fyrirtækja á heimamarkaði og viðtak tengsl váttryggingafélaga í samfélaginu, t.d. við viðskiptavinum, birgja og samstarfsaðila hvers konar. Af þessum sökum töldu margir viðmælendur ábyrgð váttryggingafélaga einnig vera mikla og að þau hafi hlutverki að gegna í að draga úr neikvæðum umhverfislegum áhrifum og fyrirbyggja tjón.

Í Eyjahópnum töldu viðmælendur að váttryggingafélögin gætu helst þrýst á um breytingar hjá viðskiptavinum og birgjum, en í Meginlandshópnum töldu viðmælendur félögin einnig í aðstöðu til að þrýsta á um breytingar hjá stjórnvöldum, t.d. í formi breytinga á byggingareglugerðum, landnýtingu og viðhaldi holræsakerfa. Tilgangur með þess konar þrýstingi er að fyrirbyggja tjón, en váttryggingafélög búa yfir sérfræðipækkingu á sviði forvarna og tjóna sem nýst geta til úrbóta, auk þess sem tölfraði tjóna kemur að notum. Í Svíþjóð hafa váttryggingafélög gengið svo langt að endurkrefja stjórnvöld um hluta af tjónagreiðslum vegna flóða á svæðum þar sem flóð eru ekki lengur skyndileg og ófyrirséð sem skiptir máli þegar bótaskylda er ákvörðuð.


Þegar kemur að úrbelli þá er það á ábyrgð sveitarfélaga sem þurfa að auka við og viðhalda fráveitukerfum. Viðbrögð okkar hafa verið þau að endurkrefja sveitarfélög um þau tjón sem við höfum lagt út fyrir. Við sendum reikninginn til sveitarfélaganna. Við höfum greitt út vegna tjóna sem ykkar blutverk er að koma í veg fyrir, þ.e. þið eigið að borga. Á þennan hátt geta váttryggingafélög þrýst á um forvarnaaðgerðir (Martin Engkvist).

Önnur váttryggingafélög hafa valið jákvæðari aðferðir til að koma í veg fyrir tjón, til að mynda með samvinnu við stjórnvöld þar sem leitað er hagkvæmra leiða til að leiða burt vatn vegna ofankomu og flóða og forða þannig tjónum.

4. Umræður

Rannsóknin leiðir í ljós að váttryggingafélög hafa viðtæku hlutverki að gegna við úrlausn umhverfislegra vandamála, til að mynda í ljósi stærðar þeirra og viðtækra tengsla þeirra í samfélaginu. Í greininni er leitast við að svara spurningunni *Hvert er hlutverk váttryggingafélaga við úrlausn umhverfislegra vandamála sem geta haft áhrif á rekstur þeirra með beinum eða óbeinum hætti?* Mynd 2 sýnir umhverfisleg vandamál sem allt umlykjandi meginöfl (OECD 2012; Yoder Rao og Bajowala 2012) í rekstrarumhverfi aðila í samfélaginu og hvernig staðsetja má váttryggingafélög á milli stjórnsýslunnar annars vegar og hagsmunadila, s.s. viðskiptavina og samstarfsaðila, hins vegar. Eins og með ýmis önnur fyrirtæki þá eru váttryggingafélög undir lagalegum þrýstingi til að sinna umhverfismálum (Hoffman 2000), en sá þrýstingur er ekki hvað síst óbeinn þegar fram kemur löggjöf sem viðskiptavinir þeirra þurfa að fylgja og váttryggingafélög þar að lútandi að bjóða vernd svo að uppfylla megi ákvæði laganna. Á þetta við t.d. um lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, en eins og fram hefur komið í kafla 1 þá geta mengunartjón af ýmsum toga haft neikvæð áhrif á rekstur váttryggingafélaga. Á öðrum sviðum gæti komið fram löggjöf með það að markmiði að vernda neytendur fyrir tjóni (Ruv.is 2012; Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2015), eins og í tilviki myglu. Með því að leggja sitt af mörkum til að lágmarka myglutjón viðskiptavina, t.d. með rannsóknarvinnu eins og Folksam (2011) í Svíþjóð hefur gert, geta váttryggingafélög dregið úr líkum á því að íþyngjandi löggjöf sé sett eða að þau verði fyrir ímyndarskaða (Ernst & Young og Oxford Analytica 2009, 2010). Lagalegar kröfur um gagnsæi hvað umhverfislegar og samfélagslegar áherslur fyrirtækja varðar eru að aukast, sbr. tilskipun 2014/95/EU og kröfur til danskra fyrirtækja (CO2focus 2009), þó svo að slíkar kröfur séu ekki komnar fram hér á landi ennþá. Með því að taka frumkvæði í gerð skýrsla t.d. samkvæmt GRI viðmiðunum þá hafa félögin meiri stjórn á því hvernig málin þróast og minnka líkur á lagalegum þrýstingi þegar fram í sækir. Hvað varðar meðhöndlun úrgangs, t.d. raf- og rafeindatækjaúrgangs, samanber lög nr. 73/2008, þá geta váttryggingafélög leitt jákvæða þróun í meðhöndlun slíks úrgangs, bæði sjálf og í gegnum samstarfsaðila á sviði tjóna.

Mynd 2. Samspil umhverfis, stjórnvalda, váttryggingafélaga og annarra hagsmunaaðila



Þegar kemur að framkvæmdavaldi þá hafa forsætisráðherrar Norðurlandanna lagt þær línur að styðja beri umhverfisvæna nýsköpun og fjárfestingar á því sviði (Norden, e.d.-b). Þar geta váttryggingafélög lagt lið en eins og fram kemur í greininni þá samþætta leiðandi norræn váttryggingafélög umhverfislegar áherslur við kjarnastarfsemi sína sem skilgreinist sem 1) vörur og þjónusta, 2) tjón og forvarnir og 3) fjárfestingar. Hvað fjárfestingar varðar þá geta váttryggingafélög stuðlað að þróun hreinnar tækni, bæði með því að bjóða videigandi vernd fyrir nýja tækni, eða með fjárfestingum á þessu sviði (Johannsdóttir, Davíðsdóttir, Goodsite og Ólafsson 2014a; Mills 2009-b), sjá nánar í köflun 3.1 og 3.3.

Opinber innkaup geta haft áhrif á umhverfisáherslur fyrirtækja, en váttryggingafélög geta aukið líkur á því að vinna útboð um váttryggingar, séu ákvæði þess efnis í útboðsskilmálum og þau geti sýnt fram á árangur á þessu sviði. Þá geta þau einnig stutt við stefnur og áætlanir stjórnvalda til dæmis hvað varðar loftslagsmál og samgönguáætlun og þannig stuðlað að minni losun gróðurhúsalofttegunda eða með aðlögun (IPCC 2007). Þetta endurspeglast m.a. í dæmum sem fram koma í köflum 3.1, 3.2 og 3.3.

Sveitarfélög, sem og stjórnvöld almennt, geta orðið fyrir þrýstingi frá váttryggingafélögum ef þau beita sér fyrir breytingum á byggingareglugerðum, landnýtingu eða viðhaldi holræsakerfa eins og nefnt er í kafla 3.6. Tilgangur með þess konar þrýstingi er að fyrirbyggja tjón í þeim tilvikum þar sem um siendurtekin tjón er að ræða og tjón því ekki lengur skyndileg og ófyrirséð eins og gert er ráð fyrir með váttryggingaskylda atburði.

Mynd 2 sýnir að váttryggingafélög geta orðið fyrir þrýstingi frá ýmsum hagsmunaaðilum um að axla umhverfisábyrgð og markast það m.a. af aukinni umhverfishyggju

(Hoffman 2000). Umhverfiskyggja fyrirtækja felur í sér að til staðar er skilningur innan fyrirtækjanna á mikilvægi þess að taka mið af náttúrulegu umhverfi við stefnumörkun og í daglegri starfsemi (Banerjee 2002), en þessi nálgun hefur það í för með sér að váttryggingafélög samþætta umhverfis- og loftslagsmál daglegri starfsemi, en þessa nálgun má sjá í yfirlýsingu norrænna váttryggingenda (Bosse o.fl. 2009) sem og í fjölmörgum dæmum sem sagt er frá í niðurstöðukaflanum. Þar sem rannsóknin leiðir í ljós að váttryggingafélög í Eyjahópnum eru komin skammt á veg í þessum áherslum samanborið við systurfélög í Meginlandshópnum þá er rétt að nefna að heppilegur upphafspunktur hjá váttryggingafélögum sem skemur eru á veg komin í að takast á við umhverfis- og loftslagsmál er að skoða núverandi vöruframboð með þessi sjónarmið í huga. Vöruþróun þarf að taka mið af kjarnastarfsemi og sérstöðu viðkomandi váttryggingafélags. Ef váttryggingar fyrir sjávarútveg eða landbúnað eru meðal stærstu váttryggingaflokka sem félög veita vernd gegn er horft til þeirra váttryggingaflokka við vöruþróun. Einnig er horft til áherslna stjórnvalda á sviði umhverfis- og loftslagsmála, þar sem tækifæri felast í því að styðja við stefnu stjórnvalda.

Það sem vekur athygli í rannsókninni er að þrátt fyrir mismunandi tegund váttryggingakerfa (Schwarze o.fl. 2011) á Norðurlöndum, þ.e. tegund 4 í Svíþjóð en blönduð kerfi í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð, þá hafa váttrygginga- og fjármálasamtök allra þessara landa lagt sameiginlegar línur í því hvernig þau sjá hlutverk sitt á sviði loftslagsmála, þ.e. með sameiginlegri yfirlýsingu (Bosse o.fl. 2009) og loftslagsráðstefnum árin 2008, 2009 og 2012 – án þátttöku Samtaka fjármálafyrirtækja á Íslandi eða íslenskra váttryggingafélaga. Ljóst er að vitundarvakningu þarf hér á landi um áhrif umhverfis- og loftslagsmála á rekstrarumhverfi váttryggingafélaga, jafnt einkarekinna sem og opinberra. Gerist það ekki að frumkvæði þessara aðila sjálfra má búast við því að þau verði undir félagslegum þrýstingi síðar meir (Jones 2012; Yoder, Rao og Bajowala 2012) til þess að taka á vanda tengdum loftslagsbreytingum.

Takmörkun rannsóknarinnar felst í því að umfjöllun um hlutverk Viðlagatryggingar Íslands er lýtur að náttúrutengdum tjónum er einungis fræðileg, en það býður upp á að sá þáttur sé tekinn til frekari skoðunar. Fræðilegt gildi rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hlutverk og stöðu váttryggingafélaga við úrlausn umhverfislegra vandamála. Þessar niðurstöður eru hagnýtar í þeim skilningi að skadatryggingafélög geta nýtt niðurstöður sem samanburðarmat við eigin stöðu í þessum málaflokki. Þá gagnast niðurstöðurnar einnig stjórnvöldum sem móta þurfa stefnu í umhverfis- og loftslagsmálum, t.d. varðandi aðlögun að loftslagsbreytingum. Þau geta þá horft til váttryggingafélaga sem bandamans í baráttunni eins og gert hefur verið annars staðar (Climate-ADAPT, e.d.; European Commission 2013; Ministry of Agriculture and Forestry of Finland 2005). Fyrsta skrefið væri að skapa sameiginlegan umræðuvettvang um váttryggingar og umhverfis- og loftslagsmál, þar sem aðilar deila þekkingu sín á milli, en slíkt myndi spara auðlindir og vonandi koma í veg fyrir eða lágmarka framtíðartjón af völdum loftslagsbreytinga og annarra umhverfislegra vandamála.

Aftanmálsgreinar

1. GRI eru samtök sem eru leiðandi á sviði skýrslugerðar um samfélagsábyrgð, en þau gefa út leiðbeiningarstaðla fyrir slíka skýrslugerð.
2. Áður British Petroleum.
3. CDP eru samtök alþjóðlegra fjárfesta sem hjálpa stofnanafjárfestum að meta loftslagsáhættu í verðbréfasöfnum þeirra, en fyrirtæki geta skilað inn skýrslum til CDP með mælanlegum markmiðum um það hvernig þau draga úr loftslagsáhættu í eigin rekstri.
4. ClimateWise eru alþjóðleg váttryggingasamtök sem stuðla að aðgerðum á meðal váttryggingafélaga varðandi það að draga úr loftslagstengdri áhættu í rekstri.

Heimildir

- Ahvenharju, S., Gilbert, Y., Illman, J., Lunabba, J. og Vehviläinen, I. (2011). *The role of the insurance industry in environmental policy in the Nordic countries*. Oslo: Nordic Innovation.
- Banerjee, S. B. (2002). "Corporate environmentalism: the construct and its measurement", *Journal of Business Research*, 55(3), 177-191.
- Bansal, P. og Roth, K. (2000). "Why companies go green: a model of ecological responsiveness", *Academy of Management Journal*, 43(4), 717-736.
- Blomqvist, P. og McNamee, M. S. (ed.). (2009). "Estimation of CO₂-emissions from Fires in Dwellings, Schools and Cars in the Nordic Countries", *SP Technical Research Institute of Sweden, SP Technical Note 2009:13*.
- Bosse, S., Rasmussen, P. B., Lindenius, C., Bjerke, R., Skauge, A. og Kauppi, P.-N. (2009). *Nordic insurance companies meet the challenge of climate change: Statement from the Nordic Insurance Industry adopted at the Nordic Insurers' Climate Conference in Copenhagen 17th September 2009*. Sótt 21. september 2009 af <http://www.nicc.dk/news/Documents/Pan-Nordic%20Statement%20on%20climate%20change.pdf>
- Byggingareglugerð nr. 112/2012.
- Climate-ADAPT. (ed.). *Countries, regions, cities: Norway*. Sótt 4. júní 2015 af <http://climate-adapt.eea.europa.eu/countries/norway>.
- CO2focus (2009). *Best Practice on Climate Assessing risks and implementing measures: Nordic Insurers' Responses to Climate Change*. Oslo: CO2focus.
- Codan og Trygg-Hansa. (2011). *We insure a sustainable future: Corporate Responsibility Report 2010/2011*. København: Codan Forsikring A/S.
- Creswell, J. W. (2007). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches* (2 ed.). Thousand Oaks: Sage Publications, Inc.
- Danish Insurance Association, Finance Norway, Federation of Finnish Financial Services og Insurance Sweden. 2013. *Weather related damage in the Nordic countries – from an insurance perspective*. Sótt 27. október 2014 af http://www.fkl.fi/materialipankki/tutkimukset/Dokumentit/Weather_related_damage_in_the_Nordic_countries.pdf.
- Deering, A. (2001). "Beyond Sick Building Syndrome: Toxic Mold Litigation Enters the Main Stream", *Risk Management*, 48(1).
- Directive 2008/98/EC of the European Parliament and of the Council of 19 November 2008 on waste and repealing certain Directives. OJ 2008, L 312/3 ff.
- Directive 2014/95/EU of the European Parliament and of the Council of 22 October 2014 amending Directive 2013/34/EU as regards disclosure of non-financial and diversity information by certain large undertakings and groups, OJ 2014, L 330/1-9 ff.
- Dlugolecki, A. (Ed.). (2009). *Coping with Climate Change: Risks and Opportunities for Insurers*. London: The Chartered Insurance Institute (CII).
- Ernst & Young og Oxford Analytica (2009). *The 2009 Ernst & Young business risk report: The top 10 risks for global business*. London: Ernst & Young LLP.

- Ernst & Young og Oxford Analytica (2010). *The top 10 risks for business: A sector-wide view of the risks facing businesses across the globe*. London: EYGM Limited.
- European Commission. (2013). *The EU Strategy on adaptation to climate change*. Sótt 4. júní 2015 af http://ec.europa.eu/clima/publications/docs/eu_strategy_en.pdf.
- European Environment Information and Observation Network (2012). *Environmentalism*. Sótt 4. janúar 2013 af <http://www.eionet.europa.eu/gemet/concept?cp=2857>.
- Finance Norway. (2013). *Including insurances in municipal adaptation planning*. Sótt 20. október 2014 af [http://www.circle-era.eu/np4/%7B\\$clientServletPath%7D/?newsId=646&fileName=6_MIA_EBELTOFT___Insurances_in_Municipal.pdf](http://www.circle-era.eu/np4/%7B$clientServletPath%7D/?newsId=646&fileName=6_MIA_EBELTOFT___Insurances_in_Municipal.pdf).
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2014). *Drög að frumvarpi til laga um náttúrubamfaratryggingu*. Sótt 3. júní af <http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/rit2014/FRV-hamfaratrygg-05082014.pdf>.
- Folksam (e.d.). (2012). *The first eco-certified insurance company in the world*. Sótt 10. mars 2012 af <http://omoss.folksam.se/inenglish/ecocertified>.
- Folksam. (2011). *Folksams test av mögeltvätt för hus: Det går lika bra med diskmedel*. Sótt 3. júní 2015 af <http://media.folksam.se/sv/2011/06/09/folksams-test-av-mogeltvatt-for-hus-det-gar-lika-bra-med-diskmedel/>.
- Fréttablaðið (2011). *Hár- og blóðsýni skimud við leit að dioxínmengun í fólki*. Sótt 20. febrúar 2013 af <http://www.visir.is/har-og-blodsyni-skimud-vid-leit-ad-dioxinmengun-i-folki/article/2011615459210>.
- GEMI (1998). *Environment: Value to Business*. Washington D.C.: The Global Environmental Management Initiative.
- GEMI (2004). *Clear Advantage: Building Shareholder Value*. Washington D.C.: The Global Environmental Management Initiative.
- Græn framtíð. (2014). *Græn framtíð endurnýtir norska farsíma*. Sótt 4. júní 2014 af <http://www.graenframtid.is/?p=541>.
- Græn framtíð. (2013). *Græn framtíð endurnýtir raftæki fyrir Álandseyinga*. Sótt 4. júní 2014 af <http://www.graenframtid.is/?p=492>.
- Græn framtíð. (2010). *Tjónataki öðlast framhaldslíf*. Sótt 4. júní 2014 af <http://www.graenframtid.is/?p=188>.
- Hlatky, T. (2011). *Insurance of Natural Catastrophes in Europe: Basic Principles of Insurability*. Paper presented at the European Commission conference: Prevention and Insurance of Natural Catastrophes Brussels.
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. (2010). *Losun seyruvokva innan verndarsvaðis Þingvalla*. Sótt 20. febrúar 2013 af <http://www.heilbrigdiseftirlit.is/2010/08/losun-seyruvokva-innan-verndarsvaedis-thingvalla/>.
- Hill, S. (2010). *Climate Change: Primer*. Sótt 9. desember 2010 af http://www.nbs.net/wp-content/uploads/Climate-Change-Primer_noline.pdf.
- Hillary, R. (2000). *Small and Medium-sized Enterprises and the Environment: Business Imperatives*. Sheffield: Greenleaf Publishing Ltd.
- Hoffman, A. J. (2000). *Competitive Environmental Strategy: A Guide to the Changing Business Landscape*. Washington, D.C: Island Press.
- Hoffmann, V. H. og Busch, T. (2008). “Corporate Carbon Performance Indicators: Carbon Intensity, Dependency, Exposure, and Risk”, *Journal of Industrial Ecology*, 12(4), 505-520.
- If P&C Insurance Company (e.d.). (2012). *Environment: Supplier requirements*. Sótt 22. mars 2012 af <http://www.if-insurance.com/web/industrial/about/socialresponsibility/environment/Pages/default.aspx>.
- IPCC. (2007). “Summary for Policymakers.” In B. Metz, O. R. Davidson, P. R. Bosch, R. Dave & L. A. Meyer (Eds.), *Climate Change 2007: Mitigation. Contribution of Working Group III to the Fourth Assessment Report of the Intergovernmental Panel on Climate Change*. Cambridge and New York: Cambridge University Press.
- Jones, D. (2012). *Who cares wins: Why good business is better business*. Harlow: Pearson Education Limited.
- Johannsdóttir, L., Davidsdóttir, B., Goodsite, M. E. og Ólafsson, S. (2014a). “Insurers’ role in enhancing development and utilization of environmentally sound technologies: A case study of

- Nordic insurers”, *Journal of Cleaner Production*, 65, 526-538. doi: <http://dx.doi.org/10.1016/j.jclepro.2013.09.043>.
- Johannsdottir, L., Davidsdottir, B., Goodsite, M. E. og Olafsson, S. (2014b). “What is the potential and demonstrated role of non-life insurers in fulfilling climate commitments? A case study of Nordic insurers”, *Environmental Science & Policy*, 38, 87-106. doi: 10.1016/j.envsci.2013.10.011.
- Jóhannsdóttir, L. (2012). “Nordic non-life insurer’s interest in, and response to, environmental issues,” *PhD Thesis* (pp. 562). Reykjavík: Faculty of Business.
- KPMG Global Sustainability Services og United Nations Environment Programme. (2006). *Carrots and sticks for starters: Current trends and approaches in Voluntary and Mandatory Standards for Sustainability Reporting*. Parktown: KPMG og UNEP.
- Krebs, J., Dlugolecki, A., Fankhauser, S., Hall, J., Johnson, A., Palmer, T., o.fl. (2010). *How well prepared is the UK for climate change?* London: Committee on Climate Change Adaptation.
- Löfquist, U. (2010). “Unik landsbygdsservice”, *Ren landsbygd*, 1-39.
- Lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993.
- Lög um loftslagsmál nr. 70/2012.
- Lög um meðhöndlun raf- og rafeindatekjaúrgangs nr. 73/2008 um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.
- Lög um umhverfisábyrgð nr. 55/2012.
- Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.
- Lög um Viðlagatryggingu Ísland nr. 55/1992.
- Mbl.is (2010). *Saurmengað vatn á Þingvöllum*. Sótt 20. febrúar 2013 af http://www.mbl.is/frettir/for-sida/2010/08/19/saurmengad_vatn_a_thingvollum/.
- Mbl.is (2012). *4.500-5.500 kindur drápuð í óveðrinu*. Sótt 20. febrúar 2013 af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/10/24/4_500_5_500_kindur_drapust/.
- Mills, E. (2005). “Insurance in a Climate of Change,” *Science*, Vol. 309, 1040-1044.
- Mills, E. (2009-a). “A Global Review of Insurance Industry Responses to Climate Change,” *Geneva Papers on Risk & Insurance*, 34(3), 323–359.
- Mills, E. (2009-b). *From Risk to Opportunity: 2008 - Insurer Responses to Climate Change*. Boston: Ceres.
- Mills, E. og Lecomte, E. (2001). *U.S. Insurance Industry Perspectives on Global Climate Change*. Berkeley, CA: Berkeley National Laboratory.
- Ministry of Agriculture and Forestry of Finland. (2005). *Finland’s National Strategy for Adaptation to Climate Change*. Helsinki: Ministry of Agriculture and Forestry of Finland.
- Moberg, S., Erlandsson, E., Andersson, P., Bjursten, C.-G., Burström, G., Edström, K., o.fl. (2009). *CO2 Emissions associated with the management of water and fire damage in the Nordic countries*. Stockholm: The Swedish Insurance Federation.
- Mold-Advisor.Com. (e.d.). *Does Homeowners Insurance Cover Mold Removal?* Sótt 27. október 2014 af <http://www.mold-advisor.com/does-homeowners-insurance-cover-mold.html>.
- Naturskyddsforeningen. (2011a). *Ready to label insurances*. Sótt 21. febrúar 2012 af <http://www.naturskyddsforeningen.se/bra-miljoval/in-english/insurance/>.
- Naturskyddsforeningen. (2011b). *Snart kan du välja miljömärkt försäkring*. Sótt 21. febrúar 2012 af <http://www.naturskyddsforeningen.se/bra-miljoval/om-bra-miljoval/nyheter/?news=20434>.
- Newsmill. (2010). *Hela näringslivet måste göra som försäkringsbranschen - driva på klimatarbetet istället för att bromsa*. Sótt 9. mars 2012 af <http://www.newsmill.se/artikel/2010/05/17/forsakringsdirektorer>.
- Norden (e.d.-a). *Norrana leiðin að grænum hagvexti*. Sótt 20. febrúar 2013 af <http://www.norden.org/is/thema/green-growth>.
- Norden (e.d.-b). *Samordning och förstärkt finansiering av gröna investeringar och företag*. Sótt 20. febrúar 2013 af <http://www.norden.org/is/thema/green-growth/atta-verkefni-forsaetisradherranna-um-graenanhagvoext/8.-samordning-och-foerstaerkt-finansiering-av-groena-investeringar-och-foeretag>.
- Norsk Naturskadepool. (2015). *Statens naturskadefond*. Sótt 3. júní af <http://www.naturskade.no/no/hoved/naturskader/statens-naturskadefond/>.

- Norsk Naturskadepool. (2014). Rules / Instruction for Norwegian Natural Perils Pool. Sótt 24. október 2014 af <http://www.naturskade.no/en/main/information/rules/>.
- OECD. (2012). *OECD Environmental Outlook to 2050: The Consequences of Inaction*. Sótt 7. júní 2012 af http://www.oecd-ilibrary.org/environment/oecd-environmental-outlook-to-2050_9789264122246-en.
- Petersson, M. (2010). “Vill skapa världens renaste landsbygd”, *Ren landsbygd*, bls. 1-39.
- Principles for Responsible Investment (e.d.). (2013). *What is responsible investment?* Sótt 20. febrúar 2013 af <http://www.unpri.org/about-ri/introducing-responsible-investment/>.
- Rasmussen, A. K. og Hansen, J. V. (2009). *Nordic Expectations for Climate Change and Insurance*. Copenhagen: The Danish Insurance Association.
- Rianovosti. (2009). *Insulating oil spreads along Siberian river after hydro disaster*. Sótt 18. febrúar 2013 af <http://en.rian.ru/russia/20090818/155846126.html>.
- Russian Legal Information Agency. (2011). *Court upholds \$26.6 mln award to ROSNO in dispute over HPP accident*. Sótt 23. janúar 2012 af http://www.rapsinews.com/judicial_news/20111101/256941325.html.
- Ruv.is (2012). *Rekja veikindi sín til sveppanna*. Sótt 24. febrúar 2013 af <http://www.ruv.is/frett/rekja-veikindi-sin-til-sveppanna>.
- Schwarze, R., Schwindt, M., Weck-Hannemann, H., Raschky, P., Zahn, F. og Wagner, G. G. (2011). “Natural Hazard Insurance in Europe: Tailored Responses to Climate Change are Needed”, *Environmental Policy and Governance*, 21, 14-30.
- Sievänen, R., Rita, H. og Scholtens, B. (2013). “The Drivers of Responsible Investment: The Case of European Pension Funds”, *Journal of Business Ethics*, 117(1), 137-151.
- Sjóvá. (e.d.-a). *Skilmálar fyrir einstaklingar*. Sótt 2. júní 2015 af <http://www.sjova.is/allClauses.asp?cat=1352>.
- Sjóvá. (e.d.-b). *Skilmálar fyrirtækjatrýgginga*. Sótt 2. júní 2015 af <http://www.sjova.is/allClauses.asp?cat=1324>.
- Stjórnarráð Íslands. (2013). *Handbók um opinbera stefnumótun og áætlanagerð*. Reykjavík: Forsætisráðuneyti.
- Stormráðet. (e.d.). *Stormráðet*. Sótt 24. október 2014 af <http://www.stormraadet.dk/>
- Taylor, S. J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to Qualitative Research Methods: A Guidebook and Resource*. Third Edition. New York: John Wiley & Sons, Inc.
- The Guardian. (2010). *Hungary toxic sludge spill an ‘ecological catastrophe’ says government: Hungary declares a state of emergency as 1m cubic metres of sludge leaks from an alumina factory killing four and injuring 120*. Sótt 23. janúar 2012 af <http://www.guardian.co.uk/world/2010/oct/05/hungary-toxic-sludge-spill>.
- The Guardian (2011). *BP oil spill timeline*. Sótt 12. nóvember 2011 af <http://www.guardian.co.uk/environment/2010/jun/29/bp-oil-spill-timeline-deepwater-horizon>.
- Tryg. (2010). *Stakeholder magazine 2010*. Copenhagen: Tryg A/S.
- Tryg. (2011). *CSR Report 2010*. Copenhagen: Tryg.
- Tryggingamiðstöðin. (e.d.). *Grant TM: Lægri iðgjöld vistvænna ökutækja*. Sótt 4. júní af <https://www.tm.is/samfelagsverkefni/graent-tm/>.
- Tutore, I. (2010). “Key drivers of corporate green strategy”, *EDAMBA Summer Academy 2010*. Soréze.
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2015). *Skýrsla starfsbóps um endurskoðun laga og reglugerða með tilliti til myglusvepps í húsnæði*. Reykjavík: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
- Umhverfisstofnun. (e.d.). *Kyoto og samningar*. Sótt 4. júní af <http://www.ust.is/einstaklingar/loftslagsbreytingar/kyoto-og-samningar/>.
- Vellinga, P., Mills, E., Berz, G., Bouwer, L., Huq, S., Kozak, L. A., o.fl.. (2001). *Insurance and other financial services*. Chambridge: Cambridge University Press.
- Viðlagatrygging (e.d.). *Forsíða: Viðlagatryggingar*. Sótt 2. júní 2015 af <http://www.vidlagatrygging.is/>.
- Visir.is (2015). *Tryggingafélagin ekki séð annað eins í mörg ár*. Sótt 4. júní 2015 af <http://www.visir.is/tryggingafelagin-ekki-sed-annad-eins-i-morg-ar/article/2015150319196>.
- Visir.is (2010). *Neyslúvatni stefnt í battu*. Sótt 13. febrúar af <http://www.visir.is/neysluvatni-stefnt-i-hattu/article/2010713368825>.

- Wallace, J. (Writer) (2010). *RSA & Corporate responsibility [Lecture via the Internet]*. London: RSA.
- Yin, R. K. (2003). *Case Study Research: Design and Methods* (3 ed.). Thousand Oaks: SAGE Publications, Inc.
- Yoder, J., Rao, A. og Bajowala, M. (2012). *PwC Insurance 2020: Turning change into opportunity*. New York: PricewaterhouseCoopers International Limited (PwCII).

